

Móttökuáætlun erlendra barna í grunnskóla Ísafjarðarbæjar

Um forsendur þess að hefja skólagöngu.

Áður en erlend börn hefja skólagöngu þarf að liggja fyrir dvalarleyfi og vottorð um heilbrigðissskoðun ef við á. Sóttvarnarlæknir gefur á hverjum tíma upplýsingar um hvaða lönd falla ekki undir kröfu um heilbrigðisvottorð. Æskilegt er að umsókn um skólavist fylgi einhverjar upplýsingar um fyrri skólagöngu.

Formleg innritun.

Foreldrar bera ábyrgð á innritun nemenda. Formlegt viðtal fer fram í þeim skóla sem nemandinn mun sækja. Umsjónarkennari boðar nemandann ásamt foreldrum/forráðamönnum nokkru fyrir fyrsta skóladag.

Þegar viðtalið fer fram er umsjónarkennari viðstaddur ásamt nýbúakennara og/eða sérkennara svo þeir kynnist eins fljótt og auðið er nemandanum og foreldrum hans. Ef móðurmál nemandans er ekki á færi kennarans er mikilvægt að hafa túlk viðstaddan.

Foreldrar fá í hendur *Upplýsingabækling fyrir erlendra foreldra grunnskólabarna*.

Þegar fundi er lokið er æskilegt að fara kynnisferð um skólann með barninu og foreldrum þess.

Góð ráð vegna innritunar og móttöku erlendra barna í grunnskóla Ísafjarðarbæjar.

2.1 Upplýsingagjöf og upplýsingasöfnun.

Hér á eftir er að finna lista yfir upplýsingar sem vert er að koma á framfæri eða kynna sér. Upplýsingar þarf oft að endurtaka og kynna á mismunandi formi.

Nauðsynlegar upplýsingar fyrir foreldra.

- Grunnupplýsingar um skólann, s.s. skólahandbók, skóladagatal, skólareglur og stundaskrá.
- Nauðsynleg símanúmer: skólans og hjúkrunarfræðingsins. Gefa upp viðtalstíma og netföng.
- Upplýsingar um þjónustu sem standa nemendum sérstaklega til boða vegna erlends uppruna, s.s. íslenskukennslu og móðurmálskennslu.
- Hvernig á að tilkynna forföll og biðja um frí.
- Hvernig skóladagurinn fer fram.
- Hvenær nemandinn á að hefja nám.
- Reglur varðandi skólabíla ef við á.
- Upplýsingar um félagsmiðstöð ef við á.
- Hlutverk og þjónustu Fjölmenningsseturs.

Upplýsingar fyrir skólann um bakgrunn nemanda og aðstæður foreldra.

- Fjölskylda nemandans.
- Áhugamál og skapgerð nemandans.
- Upprunamenning – klæðnaður, hátíðir og siðir.
- Sterkar og veikar hliðar nemandans.
- Sundfærni – kanna stöðu nemandans og viðhorf til þess að fara í sturtu með bekkjarfélögum.
- Viðhorf og færni í heimilisfræði, hannyrðum og smíðum.
- Viðhorf nemandans gagnvart því að vera hér á landi.
- Möguleg áföll í lífi barnsins.
- Áætluð tímalengd dvalar hér á landi.
- Atvinna foreldra og lengd vinnudags.
- Á fjölskyldan einhvern íslenskan og/eða erlendan stuðningsaðila.

- Hefur nemandinn verið aðskilinn frá foreldrum vegna atvinnu og þá hversu lengi.

Nokkur atriði sem vert er að kynna nemanda og fyrir foreldrum.

Hvað nemandinn skal hafa með sér í skólann:

- Hvað forráðamaður skal útvega; s.s. skólatösku, pennaveski, gögn skv. innkaupalista bekkjarins, íþróttaföt, sundföt og fl.
- Hvað skólinn útvegar: s.s. nemendabækur og bókasafnsbækur.

Stundaskrá:

- Tímasetningar, nesti, hádegismatur og mismunandi fög.

Reglur og venjur í bekknum:

- Umsjónarmenn.
- Afmæli og ferðir.

Tilboð á vegum skólans:

- Mjólkuráskrift og mötuneyti.
- Heilsdagsskóli.

Íþróttir og sund:

- Klæðnaður.
- Sund og sundföt – sturta.

Heimanám í skóla og heima.

- Leggja áherslu á að foreldrar geta stutt börn sín í námi þó svo þeir tali ekki íslensku og hvernig þeir fari að því.

Venjur í tengslum við skilaboð og samstarf milli heimilis og skóla.

- Samskiptabók, samskiptamál, skilaboðamappa, vikuáætlanir, Mentor.
- Fræðslufundir og foreldrafélagið.
- Almennir foreldrafundir vegna bekkjarstarfs.
- Foreldraviðtöl – tímasetningar og um hvað þau snúast.

Félagslíf nemenda

- Útivistarreglur.
- Félagsmiðstöðin.
- Íþróttahreyfingin og tónlistarskólinn ef það hentar áhugasviði þeirra.

Upplýsingar til foreldra um starfshætti skólans varðandi:

- Hlutverk nemendaverndarráðs.
- Heilsugæslu á vegum skólans og vekja athygli á að sú þjónusta náí til allra nemenda skólans.
- Kristinn bakgrunn skólakerfisins og ýmsar hefðir tengdar því.
- Möguleika á að sækja um undanþágu frá kennslu í ákveðnum fögum.
- Samræmd próf og hægt sé að sækja um undanþágu frá þeim.
- Þjónustu vegna fötlunar eða veikinda.
- Hvert foreldri getur snúið sér ef nemandi líður illa í skólanum.
- Hvert foreldrar geta snúið sér ef þeir vilja kvarta.
- Upplýsingar um starfsemi í bænum s.s. íþrótt- og tómstundatilboð, bókasafn og sundlaug.

2.2. Fyrstu skref – samvinna kennara.

- Undirbúningur um gerð einstaklingsnámskrá.
- Bekkjarkennari undirbýr bekkinn og kynnir komu nemandans fyrir öðru starfsfólki skólans.
- að læra réttan framburð á nafni nemandi skipti miklu máli.
- Æskilegt er að kynna strax í upphafi í einhverju mæli upprunamenningu hans og tungumál.

2.3. Upplýsingar um menningaráfall – stuðningur foreldra.

Nefna þarf við foreldra nemenda, sérstaklega þeirra sem eru langt að komnir að búast megi við að barnið verði fyrir menningaráfalli. Því verði margt framandi í íslenskum skóla og það taki tíma að ná tökum á nýju tungumáli og læsi á nýja menningu. Rétt er að árétta að barnið þurfi mikinn stuðning og aðhald foreldra fyrstu árin og skólinn muni leggja sitt af mörkum til þess að koma til móts við það.

Leggja ber áherslu á jákvæð og skýr skilaboð, uppörvun, stuðning, þátttöku í félagslífi og gott samstarf heimilis og skóla til að stuðla að aðlögun.

Foreldrar geta stutt við nám barna sinna þó svo að þeir hafi ekki vald á íslensku og eru til þess ýmsar leiðir.

Mikilvægt er að hvetja erlent foreldri til þess að viðhalda og þróa móðurmál nemandans. Íslenskt foreldri eða forráðamann skal hvetja til þess að tala íslensku við barnið og styðja það á alla lund við að ná tökum á málinu.

2.4. Leiðsögn um skólann.

Leiðsögn fyrir nýja erlenda nemandann getur verið í hendi umsjónarkennara eða nýbúakennara skólans. Ef annar nemandi er í skólanum frá sama tungumálasvæði er tilvalið að skipuleggja leiðsögn í samstarfi við hann. Kynna þarf sérgreinastofur, bekkjarstofuna og snyrtingu og þess háttar. Nemandinn þarf fyrst af öllu að læra hvernig eigi að bera sig að til þess að biðja umleyfi til að fara á snyrtingu.

2.5. Foreldraviðtöl og fundir.

Erlendir foreldrar eiga rétt á foreldraviðtölum rétt eins og aðrir foreldrar. Nemendur eiga ekki undir neinum kringumstæðum að túlka það sem fram fer í foreldraviðtölum. Það kemur fyrir að eldri systkini mæti með foreldrum sínum til þess að aðstoða við túlkun. Ef systkinið er einungis örfáum árum eldra en nemandinn er ekki rétt að samþykkja það fyrirkomulag heldur leita túlks.